

Chile:

# Herforingjastjórnin mætir vaxandi andstöðu

Herforingjastjórnin í Chile hefur ekki aðeins staðið að fangelsunum og pyntingum á pólitískum andstæðingum sínum. Alþýða Chile hefur einnig orðið fyrir barðinu á „bjargvættum lýðræðisins“. Vinnutími hefur verið lengdur í landinu, en raungildi launa hefur lækkað. Þegar talað er um „efnahagsumbætur“ ríkisstjórnarinnar, er átt við stórfelldara arðrán og það aukna fjármagn sem það færir auðstéttinni. Jafnframt hafa jarðir, sem bændur höfðu skipt upp á milli sín, verið afhentar fyrri „eigendum“.


Erlendum auðhringum hefur verið sköpuð betri aðstaða til fjárfestingar. Á þann hátt hefur landið verið tryggilegar hlekkjað inn í hið alræmda arðránskerfi Ameríku, og um leið hefur herforingjaklíkan fest sig í sessi. Í því sambandi ber að minnast þess, hversu mjög hún studdi sig við miðstéttirnar í valdaráni sínu. Verkföll vörubílstjóra, en þeir eiga atvinnutæki sín sjálfir, var eitt alvarlegasta áfallið á ferli Alþýðufylkingarinnar. Sá félagslegi grundvöllur, sá stuðningur sem herforingjaklíkan reiddi sig á, var einmitt miðstéttarfólkið. En eftir því sem Pinochet og félagar gæta betur hagsmuna auðhringanna, veitist þeim erfiðara að halda fylgi miðstéttanna. Í stuttu máli: and-

staðan gegn herforingjastjórninni breiðist út, og hún reidur sig ekki lengur á stuðning neinnar fjölmennrar stéttar, heldur einungis á herstyrk sinn og auðhringa.

Þó svo að fyrir hendi sé útbreidd andstaða gegn herforingjastjórninni, er ekki þar með sagt að sú andstaða þurfi að leiða til nokkurs. Miskunnarlaust er refsað fyrir verkföll og aðrar tilraunir til mótspyrnu gegn kjaraskerðingunum. Þau pólitísku samtök, sem eru álitin hættuleg, eru auðvitað bönnuð, og með fangelsunum í kringum valdaránið tókst herforingjaklíkunni nokkurn veginn að brjóta á bak aftur stofnanir Alþýðufylkingarinnar og þeirra aðila sem að baki henni stóðu. En í Chile fyrirfundust ein samtök sem voru valdaráninu viðbúin, og gátu því starfað leynilega þrátt fyrir alræði hersins. Þau samtök eru byltingarhreyfing vinstri manna, MIR.

„Engin byltingarhreyfing þróast án innri andstæðna“ (Maó), og er Chile þar engin undantekning. MIR stóð alla tíð utan Alþýðufylkingarinnar og leit afhafnir hennar gagnrýnum augum. Þó tóku félagar samtakanna virkan þátt í því sem gerðist á valdatíma Allendes.

Alþýðufylkingin byggði á mjög víðtækri hreyfingu verka-



**Var Allende mikilmenni eða grautarhaus? Var hann umbótasinni eða byltingarmaður?**

lýðs og bænda, sem óx að umfangi og röttækni jafnt og þétt. MIR ásakaði Alþýðufylkinguna um að ætla sér að beina stétta-baráttunni um farvegi borgarlegs þingræðis og „gelda“ hreyfinguna á þann hátt. MIR vildi vinna að eflingu hreyfingarinnar og treysta samstöðu verkamanna og bænda með byltingu fyrir augum. Sem dæmi um vinnubrögð MIR má nefna virka þátttöku í því framtaki bænda að skipta upp á milli sín jarð-

eignum stórbænda. MIR ásakaði Alþýðufylkinguna um að vinna gegn virkjun fjöldans.

MIR krafðist þess að fólkið sjálf hefði eftirlit með dreifingu framleiðslu- og neysluvara, til að vinna gegn spákaupmennsku sem mjög var tíðkuð í Chile. Jafnframt var þess krafist að óbreyttir hermenn tækju þátt í slíkri starfsemi, og átti á þann hátt að gera þá móttækilega fyrir sjónarmiðum alþýðunnar, og varaði MIR við þeirri stefnu að leita stuðnings herforingjanna.

MIR reiknaði aldrei með því að sú þingræðisleið væri fær sem Allende reyndi, þar sem hún tæki máttinn úr fjöldahreyfingunni og gagnbylting myndi takmarkaðri mótspyrnu mæta. Því kom valdaránið MIR ekki á óvart, og samtökin stóðu uppi sem einu starfhæfu samtökin á vinstri kantinum og jafnframt

sem þau sem hefðu haft raunhæfast mat á aðstæðum.

MIR leggur nú til að beitt verði þeirri baráttuáferð að endurskipuleggja fjöldahreyfinguna, og þá einkum verkalyðinn, með það fyrir augum að verja lífskjörin og berjast fyrir endurheimt lýðréttinda. Þannig á að mynda breiða samfylkingu, sem veiti herforingjastjórninni mótspyrnu.

Vegur MIR hefur vaxið mikil, jafnt innan sem utan Chile, og hefur það nú stofnað samstarfsráð með öðrum byltingarsamtökum Suður-Ameríku, sem starfa leynilega.

MIR býst ekki við neinum skyndisigri, og býr sig undir langa og harða baráttu.

Að mestu unnið upp úr  
*Mir: taktik og strategi* eftir  
Luis Cerda, politisk reyvi,  
23. ágúst 1974. - gg